

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 29. ágúst 2019
Tilvísun: 201908023 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi frístundarbyggðar við Áshildarmýri, íbúðarbyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur, með erindi dags. 9. ágúst 2019, mótt. 15. ágúst 2019, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Áshildarmýri, vegna íbúðabyggðar, til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага og var málsmæðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 5. júlí 2019. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í hreppsnefnd bann 15. maí 2019.

Deiliskipulagsbreytingin varðar lóðir á vesturhluta svæðisins, Áshildarveg 1-45 (oddatölur). Lóðunum fækkar úr 20 í 18 og er breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð í samræmi við breytingu á aðalskipulagi Skeiða og Gníþverjahrepps 2004-2016 sem tók gildi 18. mars 2019.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:5000, dags. 24. júlí 2019.

Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsbreitingarinnar vegna eftirfarandi:

- Í kafla 1.4 og 4.2 í aðalskipulagsbreytingu kemur fram að gerð verði grein fyrir minjum á deiliskipulagsstigi. Í umsögn Minjastofnunar vegna aðalskipulagsbreytingarinnar, dags. 11. desember 2018, kemur fram að Áshildarmýri sé sögufrægur staður og skrá þurfi minjar áður en gengið verður frá deiliskipulagi svæðisins. Bregðast þarf við umsögn Minjastofnunar, skrá minjar og sýna útlínur þeirra á deiliskipulagsuppdrætti.
 - Setja þarf skýra skilmála vegna flóðahættu og um útlit bygginga í samræmi við ákvæði aðalskipulags m.s.br. (kafli 4.2) fyrir svæðið. Auk þess þarf að gera grein fyrir núverandi mannvirkjum á svæðinu. Stofnunin mælir með að leitað umsagnar Veðurstofu Íslands vegna flóðahættu.

Minnt er á mikilvægi þess að bæta dagsetningu á gögn þegar þeim er breytt og skýra í hverju breytingarnar felast.

Að lokum er bent á að skv. gr. 5.5.3. í skipulagsreglugerð skal deiliskipulagsuppdráttur að jafnaði vera í 1:500-1:2000.

Sóley Ósk Sigurgeirs
Sóley Ósk Sigurgeirs dóttir